

Ná.

Sl. Frumvarp

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Flutningsm.: Sigurður Stefánsson.

1. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að láta þá niðurlögnun aukauitsvara, sem ræð-
ir um í 36. og 38. gr. sveitarstjórnarlaganna 10. nóv. 1905, fara fram í april-

mánuði; skal hún áður í sama mánuði hafa gert áætlun um allar tekjur og gjöld hreppsins yfirstandandi almanaksár, sem þá verður reikningsár hreppsins.

2. gr.

Um framlagning niðurfjöfnunarskrárinnar, tíma þann, er hún liggur hreppsbúum til sýnis, kærufresti til hreppsnefndar og sýslunefndar fer að öðru leyti eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaganna.

3. gr.

Þar sem þessi skipun er komin á, skal hreppsreikningurinn fyrir síðastliðið almanaksár gerður í janúarmánuði, og skal hann, að lokinni endurskoðun innanhrepps, liggja hreppsbúum til sýnis frá 14. febrúar og mánuðinn út og síðan sendur oddvita sýslunefndar í öndverðum marsmánuði. Að öðru leyti fer um hann eins og fyrir er mælt í sveitarstjórnarlögunum.

4. gr.

Eindagi á aukauðsvörum þeim, sem jafnað er niður samkvæmt 1. gr., er 1. júní.

5. gr.

Nú er almanaksárið tekið upp sem reikningsár, og skal þá sjerstakur reikningur gerður fyrir tímabilið frá síðustu fardögum til 31. desember næst á undan hinu nýja reikningsári; fer um hann eins og segir í 3. gr.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum hreppsnefndarinnar í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Telur hún skipun þá, sem það fer fram á, hagkvæmari í fjölmönnum sjávarþorpum en fyriræli hinna gildandi laga. Verður nánar skýrt frá ástæðum hennar í framsögu málsins í deildinni.